

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/2036****2021/EES/37/08**

frá 9. desember 2020

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur um hæfni og þjálfunaraðferðir fyrir
flugliða og frestun á framkvæmd tiltekinna ráðstafana í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (1), einkum 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 (2) er mælt fyrir um kröfur sem flugrekendur þurfa að uppfylla að því er varðar reglubundna verklega þjálfun og mat á hæfni flugmanna þeirra.
- 2) Í aðgerðaáætlun um flugöryggi í Evrópu, sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) hefur samþykkt skv. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, kemur fram að höfuðmáli skiptir að starfsfólk í flugi búi yfir viðeigandi hæfni og að aðlaga þurfi þjálfunaraðferðirnar til að tryggja að starfsfólkið ráði við nýtilkomna tækni og sífellt flóknara flugkerfi.
- 3) Árið 2013 gaf Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) út „Handbók um gagnadrifna flugþjálfun“ (skjal 9995 AN/497) sem felur í sér hæfniramma („grunnhæfnipætti“) sem er nauðsynlegur fyrir örugga, árangursríka og skilvirka starfrækslu í umhverfi flutningaflugs og samsvarandi lýsingar og tilheyrandi atferlisvísa til að meta þá hæfnipætti. Hæfnipættir gagnadrifinnar flugþjálfunar (e. *evidence-based training (EBT)*) ná yfir það sem áður var þekkt sem tækniþekking og þekking sem ekki er tæknileg eðlis varðandi þjálfun flugmanna, færni og viðhorf.
- 4) Markmið gagnadrifinnar flugþjálfunar er að bæta öryggi og auka hæfni flugliða til að starfrækja loftfarið á öruggan hátt að því er varðar alla þætti flugs auk þess að gera kleift að auðkenna og hafa stjórn á óvæntum aðstæðum. Hugmyndin að baki gagnadrifinni flugþjálfun er sú að gera sem mest úr því að tileinka sér þekkingu en draga úr vægi formlegra prófa.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 til samræmis við skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9995 „Handbók um gagnadrifna flugþjálfun“ til að innleiða kröfur um þjálfun, próf og mat í áætluninni um gagnadrifna flugþjálfun og til að gera yfirvöldum kleift að samþykkja það sem liggur til grundvallar gagnadrifinni flugþjálfun sem kemur í stað fyrri prófa, þ.e. hæfniprófs flugrekanda (OPC) og hæfniprófs sem tengist leyfi (LPC). Þetta mun gera kleift að viðhafa eina nálgun við reglubundna þjálfun hjá flugrekendum.
- 6) COVID-19-heimsfaraldurinn hefur dregið verulega úr getu aðildarríkja og flugiðnaðarins til að búa sig undir að beita ýmsum nýlega samþykktum framkvæmdarreglugerðum á sviði flugöryggis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 416, 11.12.2020, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2021 frá 23. apríl 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjttíð ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

- 7) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 er gerð sú krafa að hljóðritar (með 25 klukkustunda hljóðritunargetu) séu settir upp í stjórnklefa og teknir í notkun frá og með 1. janúar 2021. Fresta ætti beitingu þeirrar kröfu til að koma í veg fyrir óhóflega fjárhagslega byrði fyrir flugrekendur loftfara og framleiðendur flugvéla sem höfðu áætlað að afhenda flugrekendum þær fyrir 1. janúar 2021 en sú afhending stóðst ekki vegna COVID-19-heimsfaraldursins.
- 8) Flugöryggisstofnunin hefur fullvissað sig um að frestun á beitingu kröfunnar, sem um getur í 7. forsendu, í takmarkaðan tíma er möguleg án þess að það hafi skaðleg áhrif á flugöryggi.
- 9) Flugöryggisstofnunin hefur samið drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fram sem álit nr. 08/2019 ⁽³⁾ í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 965/2012

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistöku dagur og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽³⁾ <https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions>

VIÐAUKI

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi skilgreiningar eru felldar inn:

- „23a) „hæfni“: ein hlið mannglegrar frammistöðu sem er notuð til að spá með áreiðanlegum hætti fyrir um góða frammistöðu í starfi og sem kemur berlega fram og fylgst er með fyrir tilstuðlan atferlis þar sem viðeigandi þekking, færni og viðmót eru virkjuð til að sinna starfsemi eða verkefnum við tilgreindar aðstæður,
- 23b) „hæfnimiðuð þjálfun“: áætlanir um mat og þjálfun sem einkennast af því að vera frammistöðumiðaðar með áherslu á kröfur um frammistöðu og mælingu hennar og þróun þjálfunar sem uppfyllir tilskildar kröfur um frammistöðu,
- 23c) „hæfniramma“: allir þeir tilgreindu hæfniþættir sem eru þróaðir, þjálfaðir og metnir innan ramma gagnadrifinnar þjálfunaráætlunar flugrekandans, þar sem notuð er sviðsett atburðarás við starfrækslu loftfara sem er nægilega umfangsmikil til að búa flugmenn undir bæði fyrirsjáanlegar og ófyrirsjáanlegar hættur eða mistök,
- 42d) „áfangi gagnadrifinnar flugþjálfunar“: samsetning af setum í viðurkenndum flughermisþjálfá sem eru hluti af reglubundnu mati og þjálfun á þriggja ára tímabili,
- 47a) „skráning“: aðgerð sem flugrekandinn framkvæmir þegar flugmaður tekur þátt í áætlun flugrekandans um gagnadrifna flugþjálfun,
- 47b) „skráður flugmaður“: flugmaður sem tekur þátt í gagnadrifinni sþjálfunaráætlun,
- 47c) „jafngildi aðfluga“: öll aðflug þar sem gerðar eru viðbótarkröfur til fullfærrar áhafnar, óháð því hvort þau séu notuð í tengslum við áfanga um gagnadrifna flugþjálfun eða ekki,
- 47d) „jafngildi bilana“: allar bilanir þar sem gerðar eru umtalsverðar kröfur til fullfærrar áhafnar, óháð því hvort þær séu notaðar í tengslum við áfanga um gagnadrifna flugþjálfun eða ekki,
- 47e) „matsfasi“: einn af fösunum í áfanga gagnadrifinnar flugþjálfunar sem felur í sér sviðsetta atburðarás í leiðarflugi sem er dæmigerð fyrir starfsumhverfi flugrekandans og þar sem er að finna eitt eða fleiri atvik sem gera kleift að meta helstu þætti skilgreinda hæfnirammans,
- 47f) „gagnadrifin flugþjálfun“: mat og þjálfun sem byggist á rekstrargögnum og einkennist af því að þróa og meta heildargetu flugmanns að því er varðar margs konar hæfniþætti (hæfniramma) frekar en að mæla frammistöðu í tengslum við tiltekna atburði eða flugbrögð,
- 69b) „leiðbeiningar kennara úr flugmannssæti“: aðferð sem er notuð í þjálfunarfasa fyrir flugbragð eða þjálfunarfasa við sviðsettar aðstæður þar sem kennari getur:
- a) gefið einum flugmanni einföld fyrirmæli eða
 - b) gert fyrirframákveðnar æfingar í flugmannssætinu, sem annaðhvort flugmaður við stjórn (PF) eða flugmaður sem fylgist með (PM), til að:
 - 1) sýna tækniaðferðir og/eða
 - 2) fá hinn flugmanninn til að grípa inn í atburðarásina eða aðhafast með öðrum hætti,
- 69c) „samræmi milli kennara“: samkvæmni eða stöðugleiki í einkunnagjöf hjá mismunandi kennurum gagnadrifinnar flugþjálfunar sem felur í sér að nota eitt eða fleiri stig til að sýna fram á einsleitni eða samhljóm í einkunnagjöf kennara (einkunnamatsmanna),
- 72a) „sviðsetning atburðarásar í leiðarflugi“: mat og þjálfun sem felur í sér raunhæfa heildarhermun flugferða á rauntíma með sviðsmyndum sem eru dæmigerðar fyrir leiðarflug,
- 76b) „þjálfunarfasi fyrir flugbragð“: fasi í áfanga gagnadrifinnar flugþjálfunar þegar áhafnir fá tækifæri, miðað við viðkomandi kynslóð loftfarsins, til að æfa og bæta frammistöðu sína, aðallega í tengslum við færnitengdar skynhreyfiafingar, með því að fylgja tilgreindri flugslóð eða að sviðsetja tilskilinn atburð þannig að tilskilin niðurstaða fáiast,

- 76c) „blönduð áætlun um gagnadrifna flugþjálfun“: áætlun flugrekandans um reglubundna þjálfun og mat á hæfni samkvæmt ORO.FC.230 þar sem hluti áætlunarinnar er tileinkaður notkun gagnadrifinnar flugþjálfunar en sá hluti kemur þó ekki í stað hæfniprófa skv. 9. viðbæti við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,
- 98a) „fullfær“: hefur sýnt fram á nauðsynlega þekkingu, færni og viðmót sem krafist er til að vinna öll skilgreind verk samkvæmt tilskildum kröfum,
- 105b) „þjálfunarfasi við sviðsettar aðstæður“: fasi í áfanga gagnadrifinnar flugþjálfunar þar sem lögð er áhersla á þróun hæfniþátta á sama tíma og flugmaðurinn fær þjálfun í að draga úr áhrifum alvarlegra áhættuþátta sem greinast hjá kynslóð loftfars; það ætti að fela í sér meðhöndlun tiltekinna hætta og mistaka, sem tengjast flugrekandanum sérstaklega, á rauntíma í leiðarflugi,“.

2) Ákvæðum II. viðauka (ARO-hluta) er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi liður ARO.OPS.226 er felldur inn:

„ARO.OPS.226 Samþykki og eftirlit með áætlunum um gagnadrifna flugþjálfun

- a) Ef lögbært yfirvald samþykkir áætlun um gagnadrifna flugþjálfun verða skoðunarmenn að öðlast réttindi og þjálfun í meginreglum gagnadrifinnar flugþjálfunar, beitingu hennar, ásamt samþykkisferli og samfelldu eftirliti.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal meta og hafa eftirlit með áætluninni um gagnadrifna flugþjálfun, ásamt ferlunum sem styðja við innleiðingu áætlunarinnar um gagnadrifna flugþjálfun svo og árangur sem af henni hlýst.
- c) Við móttöku umsóknar um samþykki fyrir áætlun um gagnadrifna flugþjálfun skal lögbæra yfirvaldið:
- 1) tryggja úrlausn á fyrsta stigs frávikum á þeim sviðum sem munu styðja við beitingu áætlunarinnar um gagnadrifna flugþjálfun,
 - 2) meta getu flugrekandans til að styðja við innleiðingu áætlunarinnar um gagnadrifna flugþjálfun. Taka skal a.m.k. tillit til eftirfarandi þátta:
 - i. þroska og getu stjórnunarkerfis flugrekandans sem mun styðja við beitingu áætlunarinnar um gagnadrifna flugþjálfun — sérstaklega þjálfun flugliða,
 - ii. hentugleika áætlunarinnar um gagnadrifna flugþjálfun — áætlunin um gagnadrifna flugþjálfun skal vera í samræmi við stærð flugrekandans, eðli starfsemi hans og hve flókin hún er, að teknu tilliti til hættunnar og tilheyrandi áhættu sem eðlilega fylgir þeirri starfsemi,
 - iii. hversu fullnægjandi skráahald flugrekandans er, einkum að því er varðar skrár yfir þjálfun flugliða, próf og mat á hæfni, eins og tilgreint er í ORO.GEN.220 og c- og d-lið í ORO.MLR.115,
 - iv. hentugleika einkunnakerfis flugrekandans til að meta hæfni flugmanna,
 - v. hæfni og reynslu kennara og annars starfsfólks sem tekur þátt í áætluninni um gagnadrifnu flugþjálfunina þegar kemur að notkun á þeim ferlum og verklagsreglum sem styðja við innleiðingu áætlunarinnar um gagnadrifnu flugþjálfunina og
 - vi. áætlunar flugrekandans um innleiðingu áætlunarinnar um gagnadrifnu flugþjálfunina og öryggisáhættumats sem styður við áætlunina um gagnadrifna flugþjálfun til að sýna fram á hvernig mögulegt sé að ná öryggisstigi sem er jafngilt því sem næst með núverandi þjálfunaráætlun.
- d) Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja áætlun um gagnadrifna flugþjálfun þegar í niðurstöðu matsins kemur fram að tryggt sé að farið sé a.m.k. að ákvæðum ORO.FC.146, ORO.FC.231, og ORO.FC.232.
- e) Með fyrirvara um ákvæði d- og e-liðar ARO.GEN.120 skal lögbæra yfirvaldið tilkynna Flugöryggisstofnuninni þegar það hefst handa við mat á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur í tengslum við gagnadrifnu flugþjálfunina.“

3) Ákvæðum III. viðauka (ORO-hluta) er breytt sem hér segir:

- a) Í stað ORO.FC.145 kemur eftirfarandi:

„ORO.FC.145 Tilhögun þjálfunar, prófa og mats

- a) hvers konar þjálfun, próf og mat, sem krafist er í þessum kafla, skulu fara fram í samræmi við þær þjálfunaráætlanir og -námskrár sem flugrekandinn hefur skráð í rekstrarhandbókina,
- b) þegar flugrekandi útbýr þjálfunaráætlanir og -námskrár skal hann taka með viðeigandi þætti, eins og skilgreint er í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu sem eru ákvörðuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,
- c) ef um er að ræða flutningaflug skal lögbært yfirvald samþykkja áætlanir um þjálfun og próf, þ.m.t. námskrár og notkun á einstökum flughermisþjálfum,
- d) flughermisþjálfinn skal vera nákvæm eftirmynd af loftfarinu, sem flugrekandinn notar, eftir því sem unnt er; muninum á flughermisþjálfum og loftfari skal lýsa og koma á framfæri með kynningu eða þjálfun, eins og við á,
- e) flugrekandinn skal koma á kerfi til að vakta með fullnægjandi hætti breytingar sem gerðar eru á flughermisþjálfunum og tryggja að þessar breytingar hafi ekki áhrif á hversu fullnægjandi þjálfunaráætlunin er.“
- b) Eftirfarandi liður ORO.FC.146 er felldur inn:
- „ORO.FC.146 Starfsfólk sem sér um þjálfun, próf og mat
- a) hvers konar þjálfun, próf og mat, sem gerð er krafa um í þessum kafla, skulu vera í höndum starfsfólks með viðeigandi réttindi,
- b) að því er varðar flugþjálfun og flughermisþjálfun og próf þar að lútandi skal starfsfólkið, sem sér um þjálfunina og framkvæmd prófa, hafa réttindi í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,
- c) að því er varðar áætlun um gagnadrifna flugþjálfun skal starfsfólkið sem framkvæmir mat og sér um þjálfun í gagnadrifinni flugþjálfun:
- 1) hafa kennaravottorð eða prófdómaravottorð skv. I. viðauka (FCL-hluta),
 - 2) ljúka samræmingaráætlun flugrekandans fyrir kennara gagnadrifnu flugþjálfunarinnar. Þetta skal fela í sér grunnsamræmingaráætlun og reglubundna samræmingaráætlun;
- með því að ljúka grunnsamræmingaráætlun flugrekandans fyrir gagnadrifna flugþjálfun öðlast kennarinn réttindi til að annast verklegt mat sem byggist á gagnadrifinni flugþjálfun.
- d) Þrátt fyrir framangreindan b-lið skal hæfnismat í leiðarflugi vera í höndum hæfs flugstjóra sem er tilnefndur af flugrekanda sem fylgir samræmingaráætlun um hugmyndina að baki gagnadrifinni flugþjálfun og um hæfnismatið (matsaðili fyrir hæfnismat í leiðarflugi).“
- c) Eftirfarandi liður ORO.FC.231 er felldur inn:
- „ORO.FC.231 Gagnadrifin flugþjálfun
- a) **ÁÆTLUN UM GAGNADRIFNA FLUGÞJÁLFUN**
- 1) Flugrekanda er heimilt, í stað þess að uppfylla kröfur ORO.FC.230, að koma á fót, innleiða og viðhalda viðeigandi áætlun um gagnadrifna flugþjálfun sem lögbært yfirvald hefur samþykkt.
- Flugrekandi skal sýna fram á getu til að styðja við innleiðingu áætlunarinnar um gagnadrifna flugþjálfun (þ.m.t. innleiðingaráætlun) og gera öryggisáhættumat til að sýna fram á hvernig jafngildu öryggisstigi er náð.
- 2) **Áætlunin um gagnadrifna flugþjálfun skal:**
 - i. vera í samræmi við stærð flugrekandans og eðli starfsemi hans og hve flókin hún er, að teknu tilliti til hættunnar og tilheyrandi áhættu sem eðlilega fylgir þeirri starfsemi.
 - ii. tryggja hæfni flugmanna með því að meta og þróa þá hæfniþætti flugmanna sem þörf er á fyrir örugga, árangursríka og skilvirka starfrækslu loftfars,
 - iii. tryggja að sérhver flugmaður gangist undir viðfangsefni mats og þjálfunar í samræmi við ORO.FC.232,
 - iv. fela í sér a.m.k. sex áfanga í gagnadrifinni flugþjálfun sem dreifast á þriggja ára áætlun; hver áfangi gagnadrifinnar þjálfunar skal fela í sér mats- og þjálfunarfasa. Gildistími áfanga í gagnadrifinni flugþjálfun skal vera 12 mánuðir.

- A) Matsfasinn felur í sér sviðsetningu atburðarásar í leiðarflugi til að meta hæfnipætti og greina einstaklingsbundnar þjálfunarþarfir.
- B) Þjálfunarfásinn felur í sér:
- þjálfunarfasa fyrir flugbragð sem tekur til þjálfunar í hæfni í tilteknum skilgreindum flugbrögðum,
 - þjálfunarfasa við sviðsettar aðstæður sem felur í sér sviðsetningu atburðarásar í leiðarflugi til að þróa hæfnipætti og bregðast við einstaklingsbundnum þjálfunarþörfum.

Þjálfunarfásinn skal fara fram innan tiltekins tímaramma eftir að matsfasanum er lokið.

- 3) Flugrekandinn skal tryggja að hver flugmaður, sem skráður er í áætlunina um gagnadrifna flugþjálfun, ljúki:
- að lágmarki tveimur áföngum í gagnadrifinni flugþjálfun innan gildistíma tegundaráritunar, með þriggja mánaða millibili hið minnsta. Áfanga í gagnadrifinni flugþjálfun er lokið þegar:
 - farið hefur verið yfir efni áætlunarinnar um gagnadrifna flugþjálfun í þeim áfanga í gagnadrifinni flugþjálfun (flugmaður hefur gengist undir viðfangsefni mats og þjálfunar) og
 - sýnt hefur verið fram á viðunandi frammistöðu að því er varðar þá hæfnipætti sem fylgst hefur verið með,
 - hæfnismati í leiðarflugi og
 - þjálfun á jörðu niðri.
- 4) Flugrekandinn skal koma á samræmingaráætlun fyrir kennara gagnadrifinnar flugþjálfunar og gæðakerfi um samræmi milli kennara til að tryggja að kennarar, sem taka þátt í áætlun um gagnadrifna flugþjálfun, hafi tilskilin réttindi til sinna verkefnum sínum.
- Allir kennarar verða að heyra undir þessa áætlun.
 - Flugrekandinn skal nota viðeigandi aðferðir og mælikvarða til að meta samræmi milli kennara.
 - Flugrekandinn skal sýna fram á fullnægjandi samræmi milli kennara.
- 5) Áfangi í gagnadrifinni flugþjálfun getur innihaldið viðlagaverklagsreglur fyrir ófyrirsjáanlegar aðstæður sem gætu haft áhrif á yfirferð áfanga í gagnadrifinni flugþjálfun. Flugrekandinn skal sýna fram á þörfina á þeim verklagsreglum. Verklagsreglurnar skulu tryggja að flugmaður haldi ekki áfram leiðarflugi ef frammistaðan, sem fylgst er með, er undir lágsta ásættanlega stigi. Þær geta falið í sér:
- annað bil milli áfanga gagnadrifinnar flugþjálfun og
 - aðra fasaröð áfanga gagnadrifinnar flugþjálfunar.

b) HÆFNIRAMMI

Flugrekandinn skal nota hæfniramma fyrir alla mats- og þjálfunarþætti innan áætlunar um gagnadrifna flugþjálfun. Hæfniramminn skal:

- vera viðtækur, nákvæmur og nothæfur,
- fela í sér atferli sem unnt er að fylgjast með og krafist er fyrir örugga, árangursríka og skilvirka starfrækslu loftfars,
- fela í sér skilgreinda hæfnipætti, lýsingu á þeim og tilheyrandi atferli sem unnt er að fylgjast með.

c) FRAMMISTAÐA ÞJÁLFUNARKERFIS

- Mæla skal og meta frammistöðu kerfisins fyrir gagnadrifna flugþjálfun með ferli fyrir svörun til að:
 - staðfesta og útfæra nánar áætlun flugrekandans um gagnadrifna flugþjálfun,
 - ganga úr skugga um að með áætlun flugrekandans um gagnadrifna flugþjálfun sé hæfni flugmanna þróuð.
- Stjórnunarkerfi flugrekandans skal fela í sér ferli fyrir svörun.
- Flugrekandinn skal þróa verklagsreglur um verndun gagna að því er varðar gagnadrifna flugþjálfun.

d) EINKUNNAKERFI

- 1) Flugrekandinn skal nota einkunnakerfi til að meta hæfni flugmanna. Einkunnakerfið skal tryggja:
 - i. fullnægjanlega sundurliðun til að mögulegt sé að gera nákvæmar og gagnlegar mælingar á einstaklingsbundinni frammistöðu,
 - ii. frammistöðuviðmiðun og mælikvarða fyrir hæfni með merkingu á mælikvarðanum sem ákvarðar lægsta ásættanlega stigið sem á að ná í leiðarflugi; flugrekandinn skal þróa verklagsreglur til að bregðast við slakri frammistöðu hjá flugmanni,
 - iii. heilleika gagna,
 - iv. gagnavernd.
- 2) Flugrekandinn skal sannreyna með reglulegu millibili áreiðanleika einkunnakerfisins með aðstoð viðmiðunarkerfis.

e) VIÐEIGANDI ÞJÁLFUNARTÆKI OG NAUÐSYNLEGUR TÍMAFJÖLDI TIL AÐ LJÚKA ÁÆTLUN FLUGREKANDA UM GAGNADRIFNA FLUGÞJÁLFUN

- 1) Sérhver áfangi í gagnadrifnu flugþjálfuninni skal fara fram í flughermisþjálfna með stig viðurkenningar sem er fullnægjandi til að tryggja rétta yfirferð á viðfangsefnum mats og þjálfunar.
- 2) Flugrekandinn skal gera ráð fyrir nógu mörgum klukkutímum í viðeigandi þjálfunartæki til að flugmenn geti lokið áætlun flugrekandans um gagnadrifna flugþjálfun. Viðmiðanirnar til að ákvarða tímafjölda áætlunarinnar um gagnadrifna flugþjálfun eru eftirfarandi:
 - i. tímafjöldinn samsvarar umfangi og flækjustigi áætlunarinnar um gagnadrifna flugþjálfun,
 - ii. tímafjöldinn nægir til að ljúka áætluninni um gagnadrifna flugþjálfun,
 - iii. tímafjöldinn tryggir árangursríka áætlun um gagnadrifna flugþjálfun, að teknu tilliti til þeirra ráðlegginga sem Alþjóðaflugmálastofnunin, Flugöryggisstofnunin og lögbæra yfirvaldið veita,
 - iv. tímafjöldinn samrýmist tækninni sem notuð er í þjálfunartækjunum.

f) JAFNGILDI BILANA

- 1) Sérhver flugmaður skal gangast undir mat og þjálfun í stjórnun bilana í loftfarskerfum.
- 2) Skipuleggja skal bilanir í loftfarskerfum þar sem gerðar eru umtalsverðar kröfur til fullfærrar áhafnar með tilvísun til eftirfarandi einkenna:
 - i. tímanleika,
 - ii. flækjustigs,
 - iii. röskunar á stjórn loftfars,
 - iv. bilunar mælitækja,
 - v. stjórnar á afleiðingum.
- 3) Sérhver flugmaður skal kljást við a.m.k. eina bilun fyrir hvert einkenni, eins oft og ákvarðað er í töflunni yfir viðfangsefni mats og þjálfunar.
- 4) Þegar sýnt hefur verið fram á hæfni í stjórnun einnar bilunar telst það jafngilda því að sýnt hafi verið fram á hæfni í stjórnun annarra bilana með sömu einkennum.

g) JAFNGILDI AÐFLUGS SEM VARÐAR STARFRÆKSLU

- 1) Flugrekandinn skal tryggja að sérhver flugmaður fái reglubundna þjálfun í tegundum aðflugs og aðferðum við aðflug sem varða starfrækslu.
- 2) Þessi þjálfun skal fela í sér aðflug þar sem gerðar eru viðbótarkröfur til fullfærrar áhafnar.
- 3) Þessi þjálfun skal fela í sér aðflug sem krefst sérstaks samþykkis í samræmi við V. viðauka (SPA-hluta) við þessa reglugerð.

h) HÆFNISMAT Í LEIÐARFLUGI

- 1) Sérhver flugmaður skal reglulega gangast undir hæfnismat í loftfari í leiðarflugi til að sýna fram á örugga, árangursríka og skilvirka framkvæmd í tengslum við hefðbundið leiðarflug sem lýst er í rekstrarhandbókinni.

- 2) Gildistími hæfnismats í leiðarflugi skal vera 12 mánuðir.
- 3) Flugrekandi, sem hefur hlotið samþykki fyrir gagnadrifna flugþjálfun, getur, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds, framlengt gildistíma hæfnismatsins í leiðarflugi um:
 - i. annaðhvort tvö ár, háð áhættumati,
 - ii. eða þrjú ár, með fyrirvara um ferlið fyrir svörun við eftirlit með leiðarflugi þar sem auðkenndar eru hættur sem steðja að starfrækslu, hættan á slíkum áhættum er lágmörkuð og ráðstafanir gerðar til að stjórna mannlegum mistökum við starfrækslu.
- 4) Til að teljast hafa lokið hæfnismati í leiðarflugi á fullnægjandi hátt skal flugmaðurinn sýna fram á viðunandi frammistöðustig í þeim hæfnipáttum sem fylgst er með.
 - i. ÞJÁLFUN Á JÖRÐU NIÐRI
 - 1) Sérhver flugmaður skal á tólf mánaða fresti gangast undir:
 - i. tækniþjálfun á jörðu niðri,
 - ii. mat og þjálfun varðandi staðsetningu og notkun alls neyðar- og öryggisbúnaðar um borð í loftfarinu.
 - 2) Flugrekandinn getur, með samþykki lögbærs yfirvalds og háð áhættumati, framlengt tímabilið fyrir mat og þjálfun varðandi staðsetningu og notkun alls neyðar- og öryggisbúnaðar um borð í loftfarinu um 24 mánuði.“
- d) Eftirfarandi liður ORO.FC.232 er felldur inn:

„ORO.FC.232 Viðfangsefni mats og þjálfunar í áætlun um gagnadrifna flugþjálfun

 - a) Flugrekandinn skal tryggja að sérhver flugmaður gangist undir viðfangsefni mats og þjálfunar.
 - b) Viðfangsefni mats og þjálfunar skulu:
 - 1) byggjast á öryggis- og rekstrargögnum, sem eru notuð til að greina þjálfunarsvið flugmanna þar sem þörf er á úrbótum og forgangsröðun, með hliðsjón af því að gefa leiðbeiningar um gerð viðeigandi áætlana um gagnadrifna flugþjálfun,
 - 2) dreifast á þriggja ára tímabil með skilgreindu millibili,
 - 3) varða tegund eða afbrigði loftfars sem flugmaðurinn starfrækir.“
 - e) Í stað a-liðar í lið ORO.FC.235 kemur eftirfarandi:

„ORO.FC.235 Hæfni flugmanns til að starfa í hvoru flugmannssætinu sem er

 - a) Ef skyldustarf flugstjóra felst í því að hann geti starfað í hvoru flugmannssætinu sem er og framkvæmt skyldustörf aðstoðarflugmanns eða annast störf í tengslum við þjálfun eða próf, skal hann ljúka viðbótarþjálfun og -prófum, eins og tilgreint er í rekstrarhandbókinni. Heimilt er að prófið fari fram samhliða hæfniprófi flugrekanda, sem mælt er fyrir um í b-lið ORO.FC.230, eða í áætluninni um gagnadrifna flugþjálfun sem mælt er fyrir um í ORO.FC.231.“
- 4) Ákvæðum IV. viðauka (CAT-hluta) er breytt sem hér segir:

Í stað 1. liðar c-liðar í CAT.IDE.A.185 kemur eftirfarandi:

 - 1) „síðustu 25 klukkustundirnar fyrir flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg og með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 2022 eða síðar, eða“.
- 5) Ákvæðum VI. viðauka (NCC-hluta) er breytt sem hér segir:

Í stað 1. liðar b-liðar í NCC.IDE.A.160 kemur eftirfarandi:

 - 1) „síðustu 25 klukkustundirnar fyrir flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg og með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 2022 eða síðar, eða“.
- 6) Ákvæðum VIII. viðauka (SPO-hluta) er breytt sem hér segir:

Í stað 1. liðar b-liðar í SPO.IDE.A.140 kemur eftirfarandi:

 - „1) síðustu 25 klukkustundirnar fyrir flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg og með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 2022 eða síðar, eða“.